

Bæn

46. Tími



Tilgangur:

Þegar við biðjum hjálpar Guð okkur að lifa kristilegu lífi. **Ekkert er of stórt né of lítið til að biðja um. Þegar við þráum Guð er hann þegar hjá okkur.**

Hvað er að biðja?

Að biðja er hvaða leið sem er til að minnast Guðs.

Þegar við hugsum um hann, um gríðarlegan mikilfengleik hans, um kraft hans... erum við að biðja.



Þegar við biðjum Guð um hjálp vegna þess að við erum þjáð, í neyð, kúguð..., þá erum við að biðja.

Þegar við þökkum honum fyrir bata, fyrir rigninguna, fyrir sólina..., erum við að biðja.

Þegar við endurtökum, með athygli, Faðirvorið eða Maríubænina, erum við að biðja.



Það er auðvelt að tala við Guð. Við erum börn hans og samkvæmt eðli okkar snúum við okkur að honum, en það er líka auðvelt að gleyma Guði þegar allt gengur vel hjá okkur og við virðumst ráða við allt sjálf. Það er líka auðvelt að gleyma Guði þegar umhverfið í kringum okkur stangast á við trúarþrá okkar. Hins vegar er mikilvægt að vera í sambandi við Guð.

Þörf fyrir bæn

Þó það kunnir að vera erfitt fyrir okkur er nauðsynlegt að tala við Guð daglega. Sá sem ekki biður er líkur þeim sem reynir að hætta að anda: Hann leitar dauðans. Bæn er fyrir sálina eins og öndun er fyrir líf líkamans. Við höfum sannarlega fullt líf þegar við erum sameinuð Guði og við hættem að

lifa, að hluta til, þegar við slítum sambandinu við Guð.

Kristur og bæn

Ef við lesum fagnaðarerindið verðum við hissa á fjölda þeirra skipta sem Jesús býður fólki að biðja. Í upphafi prédikunarlífs síns hörfar Jesús í fjörutíu daga út í eyðimörkina til að biðja og fasta.



Síðan, allan þann tíma sem hann helgaði sig kennslu og lækningu sjúkra, dró hann sig í hlé til að biðja. Og að lokum er hann tekinn fastur í Olíugarðinum á meðan hann er að biðja, einmitt á þeim stað, þar sem hann var vanur að biðja þegar hann var í borginni Jerúsalem.

Hversu miklum tíma á að helga í bænir?

Hversu miklum tíma helgum við manneskju sem við elskum? Hversu lengi tölum við við vini? Við verðum líka að eyða tíma með Jesú. Ein mínúta, tvær eða þrjár nægja ekki. Það er nauðsynlegt að helga Guði einum, á milli 15 mínútum og klukkustund á dag.


Besti staðurinn fyrir þennan einstaka daglega tíma fyrir Guð er kirkja, þar sem Jesús er sannarlega til staðar í Evkaristíunni, í líkama, blóði, sál og guðdómleika.




Oft, rétt áður en hann kom í skólann, sagði Francisco frá Fátima við Jacintu og Lucíu: „Þið haldið áfram. Ég ætla að fara til kirkju til að halda hinum falda Jesú félagsskap.“ Börn Fatímu báru mikinn kærleika til Evkaristíunnar

og kölluðu hann oft “falinn Jesús”. Við verðum einnig að bera þennan kærleika til Evkaristíunnar og fara til hans þangað til þess að biðja, því það er þar sem Jesús þráir að elska og vera elskaður.

Ef það er ekki hægt að fara í kirkju til að biðja, getum við líka beðið heima eða á öðrum rólegum stað. Það skiptir ekki máli hvar við biðjum eða hvenær. Það getur verið að morgni, síðdegis eða á kvöldin. Það sem skiptir máli er að við tökum þá staðföstu ákvörðun að helga eiganda alls alheimsins og Drottni allra manna, sérstakan tíma daglega.





What is prayer?

https://www.youtube.com/watch?v=ED2palqNKa8&ab_channel=Donjojohannes-BirettBallett-Kathmedia

Co to jest modlitwa?

https://www.youtube.com/watch?v=QzsGaET9PB0&list=PLIcePO_eJb2-DRzJ-mpYDdvBKcsGutqlq&index=68&ab_channel=Donjojohannes-BirettBallett-Kathmedia

Fyllið í eyðurnar:

Faðir vor

Faðir vor, þú sem ert á _____ .
Helgist þitt _____ , til komi þitt _____ ,
verði þinn _____ , svo á jörðu sem á himni.
Gef oss í dag vort daglegt _____ .
og fyrirgef oss vorar _____ ,
svo sem vér og fyrirgefum
vorum skuldunautum.
Eigi leið þú oss í _____ ,
heldur frelsa oss frá _____ .

Maríubæn

Heil sért þú _____ , full _____ . Drottinn er með þér,
blessuð ert þú meðal _____ , og blessaður er ávöxtur lífs
þíns, _____ . Heilaga María, _____ , bið þú fyrir
oss _____ mönnum, ___ og á dauðastundu vorri.
Amen.

Lofgerðarbæn

Dýrð sé _____ og _____
og hinum Heilaga _____ .

Svo sem var í öndverðu, er ___ og verður ávallt
og um aldir _____. Amen.